

Fundargerð 118. fundar stjórnar SSNV, 4. febrúar 2025

Þriðjudaginn 4. febrúar 2025, kom stjórn SSNV saman á Teams. Hófst fundurinn kl. 9.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Álfhildur Leifsdóttir, Erla María Lárusdóttir og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni SSNV
2. Framúrskarandi verkefni 2024
3. Samningur við markaðsstofu Norðurlands
4. Samþykktir SSNV
5. Kosning í kjörnefnd
6. Erindi frá Samtökum iðnaðarins
7. Almenningsamgöngur á Norðurlandi vestra
8. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Áhersluverkefni SSNV

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til nýsamþykka sóknaráætlun landshlutans. Drög að nýjum áhersluverkefnum SSNV voru tekin fyrir á 117. fundi stjórnar og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram samkvæmt samtali. Áhersluverkefni eru nú lögð fram til samþykktar stjórnar SSNV og eru þau samþykkt hér með. Áhersluverkefni verða nánar kynnt síðar eftir að þau hljóta staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðs Íslands um byggðamál.

Samþykkt áhersluverkefni af stjórn SSNV eru eftirfarandi:

Mótun, innleiðing og eftirfylgni samskiptastefnu fyrir svæðið
Örmyndbönd, viðtöl við íbúa – Hvað er best við Norðurland vestra?
Heilsueflingarkort á Norðurlandi vestra
Tómstundastrætó á Norðurlandi vestra
Ungt fólk á Norðurlandi vestra
Markaðssetning landshlutans
Samstarf safna
Viðburðir á Norðurlandi vestra sýnilegir
Ferðapjónusta í sókn - Ævintýraferðapjónusta
Ferðapjónusta í sókn - Söguferðapjónusta
Ferðapjónusta í sókn - Viðburðir
Nýsköpun á Norðurlandi - hraðlar, hátíðir og fleira
Nýsköpun á Norðurlandi - Staða smáframleiðenda

Fjölbreytt framboð starfa - Starfamessa
Fjölbreytt framboð starfa - Þarfir atvinnulífsins
Sjálfbær landshluti - Fræðsla
Sjálfbær landshluti - Eimur
Textíllab á Blönduósi
Skíðasvæðið Norðurland vestra
Fab-lab smíðjur á Norðurlandi vestra
Greining á rekstrargrundvelli ráðstefnuhótels

Fyrri áhersluverkefni SSNV má finna [hér](#)
Nýja Sóknaráætlun Norðurlands vestra má finna [hér](#)

2. Framúrskarandi verkefni 2024

SSNV kallaði eftir tilnefningum til framúrskarandi verkefna á Norðurlandi vestra á árinu 2024 í byrjun desember sl. Einstaklingur, hópur, félag, fyrirtæki eða stofnun geta fengið viðurkenningar. Viðurkenningar einskorðast þó við verkefni sem hafa fengið styrk úr Uppbyggingarsjóði SSNV.

Afgreiðslu frestað.

3. Samningur við Markaðsstofu Norðurlands

Á 115. fundi stjórnar SSNV var framkvæmdastjóra falið að taka upp samning við Markaðsstofu Norðurlands og hefja vinnu að nýjum samning. Samningur liggur fyrir og er nú lagður fyrir stjórn. Stjórn samþykkir samning og felur framkvæmdastjóra að undirrita fyrir hönd SSNV.

4. Samþykktir SSNV

Á 114. fundi stjórnar SSNV voru samþykktir teknar fyrir og þar framkvæmdastjóra og stjórn falið að vinna málið áfram samkvæmt umræðu fundar. Berglind Björnsdóttir starfsmaður hjá SSNV hefur unnið málið áfram innan SSNV og kom hún til fundar og kynnti drög sem nú liggja fyrir til yfirferðar. Stjórn þakkar góða yfirferð og mun skoða málið áfram.

5. Kosning í kjörnefnd

Skv. grein 4.3 í samþykktum SSNV ber stjórn að kjósa fimm manna kjörnefnd eigi síðar en 1. mars ár hvert. Stjórnarmenn kjósa í kjörnefnd eftirtalda aðila.

Álfhildur Leifsdóttir, Skagafjörður
Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
Halldór Ólafsson, Skagaströnd
Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafjörður
Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

6. Erindi frá samtökum Iðnaðarins

Erindi barst frá Samtökum Iðnaðarins sem framkvæmdastjóri kynnir fyrir stjórn. Stjórn fagnar auknu samtali við samtökin og felur framkvæmdastjóra að taka málið áfram samkvæmt samtali.

7. Almenningsamgöngur á Norðurlandi vestra

Stjórn SSNV fagnar þeim breytingum sem áformaðar eru á leið 57 þess efnis að akstri inn á Akranes verði hætt. Hins vegar er fækkun ferða leiðar 57 úr tveimur á dag í eina óásættanleg og til þess fallin að enn færri geta nýtt sér almenningsamgöngur í landshlutanum. Að síðustu eru það vonbrigði að ekki er gert ráð fyrir innansvæðisleið á Norðurlandi vestra (Hvammstangi-Blönduós-Sauðárkrókur) einkum þegar eitt markmiði endurskoðunarinnar var að tengja saman atvinnusóknarsvæði innan landshluta. Skorað er á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Vegagerðina að standa skil á framangreindum atriðum og skerða ekki þjónustuna.

8. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSH, 20. janúar 2025. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Vestfjarðarstofu, 18. desember 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17. janúar 2025. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 22. janúar 2025. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

[Skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um rammaáætlun.](#) Mál nr. S-235/2024.

Umsagnarfrestur er til og með 1. febrúar 2025.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:02.

Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir,
Magnús Magnússon,
Guðmundur Haukur Jakobsson,
Erla María Lárusdóttir,
Katrín M. Guðjónsdóttir.